



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Stefna og framtíðarsýn
Tannlæknadeildar
2006 – 2011

Ávarp

Hlutverk tannlæknadeildar Háskóla Íslands er að mennta nemendur í tann- og munnvísindum og stuðla þannig að bættri munn- og tannheilsu þjóðarinnar. Hlutverk tannlæknadeildar er einnig að stunda rannsóknir og efla þekkingarsköpun með meistara- og doktorsnámi ásamt því að standa fyrir endur- og símenntun tannheilbrigðisstétta og vera leiðandi í ráðgjöf um tannheilsu yfirvöldum til handa og í fræðslu til almennings.

Tannlæknadeild setur hér fram stefnu sína fyrir tímabilið 2006 – 2011. Að stefnunni hafa komið bæði starfsmenn og nemendur tannlæknadeildar. Sérstaða tannlæknadeildar felst ekki aðeins í smæð hennar heldur einnig í því að innan hennar er rekið munnsjúkrahús þar sem saman kemur menntun nemenda, rannsóknir og þjónusta við almenning. Tannlæknadeild stenst alþjóðlegan samanburð samkvæmt jafningjamati *DentED* og tekur þátt í alþjóðlegum rannsóknum og stúdentaskiptum.

Inga B. Árnadóttir,
deildarforseti

Tannlæknadeild

Árið 1945 hófst tannlæknakennsla við Háskóla Íslands í kjölfar laga um tannlæknanám á Íslandi sem samþykkt voru á Alþingi árið 1941. Lögin kváðu á um að námið skyldi heyra undir læknadeild Háskólans og þrjú tannlæknar útskrifuðust árlega. Nýjar reglur um tannlæknanám tóku gildi 1947 en með þeim var námið endurskipulagt og fjórir tannlæknar útskrifaðir árlega. Námið var lengt úr fimm árum í sex árið 1958 og sama ár var sex nemum hleypt árlega á annað námsárið eftir að hafa staðist samkeppnispróf í lok fyrsta námsárs.

Tannlæknadeild var sett á laggirnar sem sérstök deild innan Háskóla Íslands árið 1972. Hafin var bygging á húsnæði undir deildina árið 1980 en kennsla í tannlækningum fór þá fram í húsakynnum Landspítalans. Nýbygging tannlæknadeildar var tekin í notkun árið 1983 og jafnframt var nemum fjölgað í átta á ári. Nú eru sex nemendur í hverjum árgangi og tekur kennsla í tannlæknisfræði til kandídatprófs sex ár.

Í samstarfi við tannlæknadeild fer einnig fram kennsla í tveimur stoðgreinum tannlækninga, tannsmíði og tanntækni. Innan fárra ára hyggst deildin bjóða upp á diplómanám í tannfræði.

Klínísk kennsla deildarinnar stenst alþjóðlegan samanburð samkvæmt jafningjamati, enda hafa kennarar sótt framhaldsmenntun sína til margra af bestu tannlæknaskólum í Bandaríkjunum og Evrópu.

Að undanfögnu hefur rannsóknarvirkni kennara eflst verulega auk þess sem tvær doktorsvarnir fóru fram á sl. ári. Frumrannsóknir í samstarfi við aðrar deildir Háskólans hafa skilað alþjóðlegum viðurkenningum. Tannlæknadeild tekur þátt í stefnumarkandi samstarfsverkefnum á vegum Evrópusambandsins. Nú standa yfir rannsóknir á munnheilsu þjóðarinnar í samstarfi við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Lýðheilsustöð.

Tannlæknadeild veitir heilbrigðisyfirvöldum og almenningi ráðgjöf og kemur að endurmenntun tannlækna og leggur sitt af mörkum til alþjóðlegrar hjálparstarfsemi.

Framtíðarsýn

Háskóli Íslands hefur sett þér það langtímamarkmið að verða á meðal 100 bestu háskóla heims.

Í ljósi þessa hefur tannlæknadeild sett sér það markmið að eflast enn frekar sem munnheilbrigðisskóli á heimsmælikvarða, öflugt rannsóknasetur og megin endurmenntunarstofnun fyrir allar munnheilbrigðisstéttir í landinu.

Í nýju húsnæði heilbrigðisvísindadeilda Háskóla Íslands í tengslum við Landspítala-háskólasjúkrahús munu möguleikar til þverfaglegrar starfsemi og rannsókna aukast til muna.

Grunngildin

Í rannsóknum: Agi og nákvæmni

Viðmið Vísindasiðanefndar skulu ávallt höfð til hliðsjónar og unnið skal að metnaðarfullum rannsóknum og stefnt að birtingu niðurstaða þeirra í alþjóðlegum ISI-tímaritum. Leitast skal við að auka þekkingu, upplýsa og fræða, gæta hlutleysis og heiðarleika og iðka öguð og nákvæm vinnubrögð.

Í kennslu: Virðing

Við kennslu skal leitast við að sýna nemendum og sjúklingum virðingu. Þjóða skal upp á nútímalegt, faglegt og krefjandi nám í tannlæknisfræðum, þar sem lausnarleitarnám er haft að leiðarljósi og nemendur hvattir til dáða.

Í stjórnun: Samábyrgð

Við stjórnun deildarinnar skal byggt á samábyrgð. Ýtt skal undir starfsgleði, skilvirkni og virk samskipti kennara, nemenda og starfsfólks.

Í samskiptum: Fagmennska

Í samskiptum tannlæknadeildar skal leitast við að sýna fagmennsku, áreiðanleika og skilvirkni. Hlúa skal að góðri ímynd og lipurð í samskiptum. Efla skal kynningarstarf og tannlæknadeild skal vera í góðum tengslum við innlenda og erlenda háskóla.

Markmið og aðgerðir 2006-2011

Rannsóknir

Háskóli Íslands ætlar að efla hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið á fjölbreyttum sviðum vísinda og fræða. Til þess þarf að stórefla doktorsnám og auka samstarf við aðra háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki.

Í þessu skyni mun tannlæknadeild Háskóla Íslands:

Efla rannsóknir innan tannlæknadeildar svo þær standist ýtrustu alþjóðlegar kröfur með birtingu niðurstaða þeirra í alþjóðlegum ISI-tímaritum.

- Auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna.
- Vinna ýtarlegar rannsóknáætlanir.
- Auka rannsóknafé um 15% á næstu fimm árum með aukinni sókn í innlenda og erlenda samkeppnissjóði.

Styrkja rannsóknatengt framhaldsnám.

- Innrita 2–3 nema í rannsóknatengt framhaldsnám árlega.
- Bæta aðstöðu nema í rannsóknatengdu framhaldsnámi.

Stefna að klínísku framhaldsnámi í samvinnu við erlenda háskóla.

- Hefja formlegar viðræður við valda háskóla.

Hvetja kennara til aukinnar rannsóknavirkni.

- Ráða rannsóknastjóra.
- Koma á fót rannsóknabanka í umsjón rannsóknastjóra.
- Rannsóknastjóri aðstoði kennara við fjáröflun til rannsókna.

Auka áherslu á rannsóknþjálfun nemenda.

- Vekja áhuga nemenda á rannsóknum.
- Kenna nemendum vísindaleg vinnubrögð við rannsóknir.
- Skipuleggja rannsóknaverkefni fyrir nemendur.

Kennsla

Háskóli Íslands þjónar samfélaginu og þörfum þess fyrir menntun á heimsmælikvarða með því að veita nemendum framúrskarandi kennslu í nánum tengslum við rannsóknastarf skólans.

Til að svo megi verða mun tannlæknadeild Háskóla Íslands:

Veita nemendum áfram menntun sem stendur jafnfætis því sem best gerist í Evrópu.

- Afla upplýsinga um fjölbreytilegt námsmat og símat.
- Efla tækjakaupasjóð deildarinnar.
- Hefja samkenndu munnheilsugreina.
- Auka námsframboð.
- Þjóða upp á endur- og símenntun.

Þjóða upp á heilðræna meðferð sjúklinga.

- Þjóða upp á heilðræna meðferð sjúklinga á 6. námsári.
- Ráða meðferðartannlækni.
- Sinna sjúklingum með sérþarfir.
- Auka samvinnu við Tannsmiðaskólann og Námsbraut tanntækna.

Stjórnun

Háskóli Íslands ætlar að styðja vel við rannsóknir og kennslu með skilvirku stjórnkerfi, góðri stoðþjónustu og öflugum gæðakerfi.

Til þess að tannlæknadeild megi verða sterkari eining þarf að:

Leggja grunn að stofnun munnheilbrigðisskóla.

- Setja allar tannheilsugreinar undir sameiginlega yfirstjórn.
- Samhæfa námsskrá munnheilsugreina.
- Ná fram hagræðingu með aukinni samkennslu.

Vinna að því að efla tannlæknadeild bæði stjórnunarlega og fjárhagslega.

- Vinna að hagræðingu á öllum sviðum.
- Auka fjárveitingu stoðgreinaskóla.
- Auka tekjur af munnsjúkrahúsi um 10% á ári.
- Auka sveigjanleika í ráðningu starfsfólks.

Samskipti

Öflug og heilbrigð samskipti Háskóla Íslands við umhverfi hans eru ein megin forsenda fyrir velferð skólans.

Í því sambandi mun tannlæknadeild leitast við að:

Hafa frumkvæði að alþjóðlegu samstarfi.

- Efla stúdentaskipti með því að senda út og fá hingað til lands a.m.k. einn nema á ári.
- Efla kennara- og starfsmannaskipti og senda a.m.k. einn kennara/starfsmann á ári til útlanda.
- Koma á samstarfi um framhaldsnám við erlenda skóla. Stefnt skal að því að hafa a.m.k einn nema í námi erlendis hverju sinni.
- Standa fyrir alþjóðlegum ráðstefnum annað hvert ár.

Efla samskipti við vini tannlæknadeildar.

- Koma á samstarfi við Landspítala-háskólasjúkrahús með samningi.
- Tryggja nægt framboð sjúklinga.
- Halda a.m.k. 5 fyrirlestra á ári fyrir starfandi tannlækna.
- Koma á reglulegum heimsóknnum tannlæknanema til starfandi tannlækna.
- Efla upplýsingagjöf frá deildinni með því að starfrækja aðgengilega heimasíðu á íslensku og ensku.

Framkvæmd og eftirfylgni

Stefna deildarinnar verður útfærð nánar í framkvæmdaáætlun deildarinnar og endurskoðuð reglulega. Á haustmánuðum 2006 verður framkvæmda –og tímaáætlun unnin í samráði við kennara og annað starfsfólk deildarinnar en deildin lítur á stefnumótunarvinnu sem síferli sem halda skuli lifandi frá ári til árs.

Deildarforseti, deildarfundur og deildarráð eru ábyrgir fyrir framkvæmd og eftirfylgni stefnu tannlæknadeildar. Í umboði þeirra verður völdum starfsmönnum falið að sjá um framkvæmd stefnunnar. Þeir geri grein fyrir framvindu reglulega á deildarráðs- og deildarfundum.

26.9.2006.